

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 968 (3.12.2020) - Frá 329. fundi sveitarstjórnar þann 24.11.2020;
Tillaga að tímabundinni niðurfellingu eða afslætti á gatnagerðargjöldum í Dalvíkurbyggð

Málsnúmer : 201701040
Málsaðili : Dalvíkurbyggð
Niðurstaða (stutt) : Vísað áfram
Fundardagur : 03.12.2020

Inngangur : Á 329. fundi sveitarstjórnar þann 24.nóvember sl. var eftirfarandi bókað:
"Á 344. fundi umhverfisráðs þann 20. nóvember 2020 var eftirfarandi bókað: Umhverfisráð leggur til að framlengja niðurfellingu á gatnagerðargjöldum samkvæmt ákvæði 1. mgr. 6. gr. til einstaklinga og fyrirtækja á lóðum við þegar tilbúnar götur til ársloka 2022. Ráðið leggur til að farið verði í kynningarátak á þeim lóðum sem eru til úthlutunar á þessum forsendum. Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum." Til máls tóku: Katrín Sigurjónsdóttir sem leggur til að þessum lið verði vísað til byggðaráðs til úrvinnslu vegna álitamála. Guðmundur St. Jónsson. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum ofangreinda tillögu Katrínar að vísa þessum lið til byggðaráðs til nánari útfærslu."

Með fundarboði byggðaráðs fylgdu drög að reglum Dalvíkurbyggðar vegna tímabundinnar niðurfellingu gatnagerðargjalda.

Til umræðu.

Niðurstaða : Byggðaráð vísar ofangreindum drögum til sveitarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs til áframhaldandi vinnslu á milli funda.